



ÁRSSKÝRSLA ÆSKULÝÐSNEFNDAR LH STARFSÁRIÐ 2024



Æskulýðsnefnd LH 2022-2024

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA



EFNISYFIRLIT

Æskulýðsnefnd LH.....	3
Starfsárið 2024	3
FEIF Youth Cup 2024.....	4
FEIF Youth Leadership Seminar 2024	5
FEIF Youth Camp 2023.....	5
FEIF Youth starf næstu ára.....	5
Æskulýðsbikar LH	6



ÆSKULÝÐSNEFND LH

Birna Tryggvadóttir úr Létti og stjórn LH, meðstjórnandi
Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir úr Sörla, formaður
Edda Rún Ragnarsdóttir úr Fáki og stjórn LH, meðstjórnandi
Ellen Ýr Gunnlaugsdóttir úr Hring, meðstjórnandi
Helga Björg Helgadóttir úr Fáki, ritari
G. Linda Björgvinsdóttir úr Sleipni, meðstjórnandi
Stefán G. Ármannsson úr Dreyra, meðstjórnandi
Sjöfn Sæmundsdóttir úr Glað, meðstjórnandi

STARFSÁRIÐ 2024

Nefndin hefur fundað 5 sinnum það sem af er ári, auk þess sem hluti nefndarinnar hélt utan um val og skipulag varðandi FEIF Youth Cup (FYCup). Skipulagshópurinn fundaði nokkrum sinnum auk þess að vera mjög virkur í samtölum í gegnum veraldarvefinn. Æskulýðsnefndin fundaði ekkert með stjórn LH á árinu en tveir stjórnarmeðlimir sitja í nefndinni auk þess sem starfmaður LH situr fundina og ritar fundargerð.

Helsta verkefni nefndarinnar á árinu var val á þátttakendum og skipulagning í kringum FYCup og val á handhafa æskulýðsbikar LH, ásamt öðrum málum sem komu á borð nefndarinnar. FYCup tók æði stóran hlut af nefndarstarfinu þetta árið og því miður bitnaði það á öðrum áætlunum nefndarinnar. Nefndin hefði gjarnan viljað koma því við að fara í hringferð og hitta æskulýðsnefndir allra félaga í hverjum landshluta og halda viðburði til að styðja við æskulýðsnefndir félaganna. Nefndin með stuðningi stjórnar LH hefur tekið að sér að halda FEIF Youth Camp 2025 og skipulagning er þegar hafin. Tryggt hefur verið að FEIF Youth Camp skarist ekki á við Íslandsmót barna- og unglunga á næsta ári.

Rétt er að nefna að við í æskulýðsnefndinni erum alltaf opin fyrir öllum þeim verkefnum sem styrkja og styðja æskulýðsmálefni og hvetjum þá sem óska eftir samvinnu eða hafa verkefni fyrir okkur að hafa samband og minnum á að verkefni nefndarinnar er að vera æskulýðsfulltrúum innan handar í þeirra starfi.



FEIF YOUTH CUP 2024

Loksins náðist aftur að halda FYCup eftir 6 ára pásu vegna Covid-19. Það sást vel að heil kynslóð unglunga hafði ekki tækifæri til að komast á FYCup, þar sem aðsókn var mun lakari í ár en áður frá öllum aðildarlöndum FEIF. Í ár fóru 6 unglingar frá Íslandi á FYCup sem haldið var dagana 14.-21. júlí í Sviss. Alls voru um 60 keppendur frá 9 aðildarlöndum FEIF. Mótið heppnaðist vel þrátt fyrir töluverða rigningu og þrumuveður tvisvar. Gistiaðstaðan var framandi fyrir okkur Íslendinga svo ekki sé meira sagt en gist var í neðanjarðarbirgi. Tilhugsunin var þó verri en upplifunin sjálf og vandist hópurnir því furðu vel. Okkar krakkar létu veður eða gistiaðstöðuna ekki slá sig út af laginu og komu heim með 2 gull og 1 silfur auk þess sem FEIF Fether Pris verðlaunin voru afhent einni úr okkar hóp. Keppt var í þremur greinum sem þau eiga ekki að venjast að keppa í; Trail, Dressage og Flag race, allt greinar sem gaman væri að sjá í keppnum hérlandis. Það er ekki annað hægt en að hæla þessum flotta hópi sem var landi og þjóð til sóma bæði innan sem utan vallar, stóðu sig mjög vel á hestum sem þau höfðu aðeins riðið í örfáa daga, liðsheildin var mjög góð og studdu þau vel við hvert annað, þrátt fyrir að vera í raun að keppa innbirgðis þar sem öllum krökkunum er skipt upp í alþjóðleg lið.



Fh. Magnús Rúnar, Erla Rán, Sóley Lóa, Bjarndís Rut, Steinunn Anna, Hulda og Dagbjört Hulda fararstjóri



FEIF YOUTH LEADERSHIP SEMINAR 2024

Í október var haldið FEIF Youth Leadership Seminar í Svíþjóð, sem er viðburður fyrir ungmenni til að styrkja þau til að verða betri sjálfbóðaliðar í störfum tengdum hestamenskunni. Því miður sótti enginn umsækjandi frá Íslandi um að taka þátt. En viðburðurinn heppnaðist vel, enda Svíar ekki að halda þennan viðburð í fyrsta skipti. Við hvetjum ungmennin okkar til að sækja um næst og ná sér í aukna þekkingu.

FEIF YOUTH CAMP 2023

Í fyrra var haldið FEIF Youth Camp í Ypäjä Finnlandi. Sumarbúðirnar voru námsbúðir og tókust vel til. Alls fóru 10 þátttakendur fyrir Íslands hönd út ásamt fararstjóra. Búðirnar voru einar af þeim stærstu sem haldnar hafa verið hingað til og tóku alls 50 manns þátt frá 11 aðildarlöndum FEIF. Búðirnar tókust vel til og var megináherla lögð á fræðslu þar sem lagt var upp með að sýna fram á með hversu fjölbreyttum hætti mætti nýta íslenska hestinn og að til eru fjölbreyttar leiðir til að nálgast hann. Hópurinn fékk meðal annar sýnikennslu í kerruakstri, járningum og skeifnasmíði ásamt fyrirlestri um bogfimi á hestum þar sem allir sem vildi fengu að prófa að skjóta af boga. Einnig fengu þau fræðslu um söðlasmíði, notkun vatnsbretta auk kynningar á finnska hestinum. Farið var á hestbak í finnskri náttúru, synt í vatni og farið í saunu. Þegar litið var til baka eftir ferðina þótti augljóst að það hefði verið heldur mikil bjartsýni að senda eina manneskju með svona stóran hóp og tekin var ákvörðun innan LH í kjölfarið að senda framvegis alltaf a.m.k. tvo fararstjóra.

FEIF YOUTH STARF NÆSTU ÁRA

FEIF Youth Camp verður haldið á Íslandi á næsta ári. Nefndin er þegar byrjuð að huga að skipulagningu Campsins á næsta ári.

FEIF Youth Cup verður haldið 2026 í Þýskalandi, nánar tiltekið í suðurhluta landsins.

Ekki liggur enn fyrir hvar FEIF Youth Leadership Seminar verður haldið næst en ætti að skýrast fljótlega.



Hvetjum við félögin að hjálpa nefndinni við að auglýsa æskulýðsviðburði FEIF þegar eftir því er óskað innan sinna félaga þannig að sem flestir geti átt möguleika á að sækja um þátttöku.

ÆSKULÝÐSBIKAR LH

Hinn eftirsótti Æskulýðsbikar Landsambands hestamannafélaga (LH) er afhentur því félagi sem skarar hefur þótt fram úr í æskulýðsstarfi á árinu og hefur verið afhentur frá 1996. Þetta er ein sú æðsta viðurkenning sem hægt er að hlotnast fyrir æskulýðsstarf félaganna og metnaðarfullt æskulýðsstarf skiptir gríðarlegu máli fyrir framtíð greinarinnar því þaðan kemur framtíðar grasrót félaganna. Æskulýðsstarfið er lang mikilvægasta starf hvers félags.

Æskulýðsnefnd LH velur handhafa bikarsins úr þeim skýrslum sem berast. Á síðasta ári bárust einungis 9 skýrslur, heldur minna en árin á undan. Skýrslunar voru skemmtilegar aflestrar og vel uppsettar með ljósmyndum úr starfinu. Um leið og nefndin þakkar þeim félögum sem sendu inn skýrslu vill nefndin hvetja fleiri félög að senda inn skýrslu æskulýðsnefnda því þær gefa nefndinni annars vegar upplýsingar um hvað er um að vera hjá félögunum og hins vegar eru þær mikilvægur hugmyndasjóður fyrir önnur félög.

Það var virkilega gott að sjá í skýrslunum hve mikið og öflugt starf fer fram hjá félögunum. Það er alltaf gaman að sjá hvað félögin eru dugleg að bjóða upp á hina ýmsu viðburði fyrir æskuna, jafnt með og án hesta. Í skýrslunum mátti sjá öflugt og gott æfinga- og námskeiðshald hjá félögunum. Eins var ánægulegt að sjá aukningu í að sveitarfélög styðji við æskulýðsstarfið. Mörg félög stóðu fyrir reglubundnum æfingum, almennum reiðnámskeiðum, keppnisnámskeiðum og knapamerkjánaði virðist alltaf vera jafn vinsælt. Auk þess voru mörg félög sem stóðu fyrir sýningum þar sem æskan fékk að njóta sýn. Eins var gaman að sjá félög halda áfram að stíga skref í þá átt að líta á sig sem íþróttafélög og bjóða upp á markvissar æfingar, líkt og gert er í öðrum íþróttagreinum. Nefndin telur það skref í rétta átt fyrir íþróttina og að með þeirri stefnu muni greinin vaxa, vera samkeppnishæfari og dafnar til framtíðar.



Ærið verkefni var að velja handhafa síðasta árs og þurfti nefndin virkilega að tala sig saman um niðurstöðu. Á endanum kom nefnind sér saman um að tvö félög stæðu efst. Félögin tvö eiga það sammerkt að vera sameiningarfélög.

Handhafi Æskulýðsbikars LH 2023 var Hestamannafélagið Jökull í uppsveitum Árnessýslu. Félagið telur um 690 félagsmenn og var stofnað árið 2021. Þau sendu inn vandaða 16 blaðsíðna skýrslu sem var vel uppsett og myndskreytt. Æskulýðsnefnd Jökuls þótti hafa tekið æskulýðsmálin föstum tókum og lagt mikinn metnað í starfið. Jökull er með mjög virkt starf og virðist vaxa og dafna ár frá ári, þrátt fyrir ungan aldur. Á starfsárinu 2022-2023 buðu þau upp á mjög fjölbreytt úrval viðburða og höfðu sett sér markmið að bjóða upp á námskeið, fræðslu og skemmtun fyrir eins breiðan hóp og mögulegt væri. Þau byrjuðu starfið sitt strax á haustmánuðum og störfuðu fram á sumar. Auk þess að bjóða upp á knapamerkjánám og vikulegar æfingar mátti sjá í skýrslunni þeirra að þau voru dugleg að bjóða upp á fjölbreytt námskeið og hugsa út fyrir boxið. Þau buðu meða annars upp á framtamningarnámskeið fyrir unglinga og ungmenni. Meðal þess sem okkur fannst athyglisvert var að þau buðu upp á fyrstu hjálp fyrir hestakrakka og sú staðreynt að þau náðu að halda úti ótrúlega öflugum starfi miðað við hve stórt félagssvæðið er landfræðilega.



Stoltir og ánægðir Jökulfélagar með æskulýðsbikar LH 2023



Þau félög sem hlotið hafa æskulýðsbikarinn til þessa:

1996	Léttir	2006	Léttir	2016	Sörli
1997	Gustur	2007	Máni	2017	Brimfaxi
1998	Sörli	2008	Þytur	2018	Hringur
1999	Hörður	2009	Dreyri	2019	Geysir
2000	Freyfaxi	2010	Logi	2020	Hornfirðingur
2001	Máni	2011	Hörður	2021	Slepinir
2002	Smári	2012	Sleipnir	2022	Sörli
2003	Fákur	2013	Sindri	2023	Jökull
2004	Blær	2014	Fákur	2024	???
2005	Andvari	2015	Sprettur		

F.h. Æskulýðsnefndar LH,

Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir formaður